

## REGLUGERÐ

### um innheimtumenn ríkissjóðs.

#### 1. gr.

##### *Innheimtumenn ríkissjóðs.*

Innheimtumenn ríkissjóðs eru:

tollstjóri á höfuðborgarsvæðinu,  
sýslumaðurinn á Vesturlandi,  
sýslumaðurinn á Vestfjörðum,  
sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra,  
sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra,  
sýslumaðurinn á Austurlandi,  
sýslumaðurinn á Suðurlandi,  
sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum og  
sýslumaðurinn á Suðurnesjum skv. lögum nr. 50/2014, um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði.

#### 2. gr.

##### *Hlutverk innheimtumanna ríkissjóðs.*

Innheimtumenn ríkissjóðs annast innheimtu skatta og gjalda hver í sínu umdæmi. Með sköttum og gjöldum er átt við hvers konar skatta og gjöld sem lögð eru á lögum samkvæmt.

#### 3. gr.

##### *Sérstakt hlutverk tollstjóra.*

Auk þeirra verkefna sem tollstjóra eru falin skv. 2. gr. annast tollstjóri eftirtalin verkefni sem lúta að innheimtu skatta og gjalda á landsvísu:

1. Stefnuþótun á sviði innheimtumála á landsvísu með hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi varðandi innheimtu opinberra gjalda að leiðarljósi.
2. Samræmingar- og eftirlitshlutverk gagnvart öðrum innheimtumönnum ríkissjóðs, m.a. með setningu verklagsreglna. Tollstjóra er heimilt að beina bindandi fyrirmælum til annarra innheimtumanna um innheimtuaðgerðir í einstökum málum ef settar reglur eru ekki virtar.
3. Umsjón og þróun tölvukerfa og rafrænnar stjórnsýslu á sviði innheimtu skatta og gjalda.
4. Birtingu almennrar greiðsluáskorunar skv. 8. gr. laga nr. 90/1989, um aðför, fyrir hönd innheimtumanna ríkissjóðs.
5. Töku ákvarðana um boð innheimtumanna ríkissjóðs í eignir fyrir hönd ríkissjóðs á nauðungaruppboðum. Við þá ákvörðun skal tollstjóri taka mið af því hvernig hagsmunum ríkissjóðs er best borgið.
6. Töku ákvarðana um ábyrgð á auknum skiptakostnaði vegna endurheimtu verðmæta við gjaldþrotaskipti.
7. Eftirlit með afskriftum skatta og gjalda á landsvísu.
8. Greiningarstarf vegna áhættustjórnunar við innheimtu opinberra gjalda.
9. Fræðslustarf fyrir starfsfólk innheimtuembætta um innheimtumálefni.

#### 4. gr.

##### *Kyrrsetningar.*

Tollstjóri annast á landsvísu kyrrsetningarmál að beiðni skattrannsókunarstjóra á grundvelli 6. mgr. 113. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, 41. gr. a. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, 31. gr. a. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda og 20. gr. a. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

## 5. gr.

*Alþjóðlegt samstarf skattinnheimtuýfirvalda.*

Tollstjóri annast móttöku og umsjón beiðna erlendra ríkja um aðstoð við innheimtu skatta og gjalda á grundvelli alþjóðlegra samninga á landsvísu.

Tollstjóri hefur umsjón með útsendingu beiðna um aðstoð við innheimtu skatta og gjalda til erlendra ríkja fyrir hönd innheimtumanna ríkissjóðs.

## 6. gr.

*Vanskilainnheimta á landsvísu.*

Tollstjóri annast vanskilainnheimtu eftirtalinna skatta og gjalda á landsvísu: skuldabréf gefin út á grundvelli laga nr. 24/2010, sektir skattrannsóknarstjóra ríkisins, fésektir ársreikningaskrár ríkisskattstjóra, umsýslu- og eftirlitsgjald ríkisskattstjóra, árgjald fyrir tíðninkun, gjöld þjóðskrár og leyfisgjöld útvarpsréttarnefndar.

## 7. gr.

*Áætlanagerð og úrvinnsla tölfraediupplýsinga.*

Tollstjóri skal í upphafi hvers árs gera áætlun um innheimtu skatta og gjalda á landsvísu og skal hún send fjármála- og efnahagsráðuneyti, ásamt upplýsingum um innheimtuárangur síðasta árs.

Tollstjóri skal á hverju tveggja mánaða tímabili taka saman tölfraediupplýsingar um innheimtuárangur einstakra innheimtuembætta og senda innheimtumönnum ríkissjóðs og fjármála- og efnahagsráðuneyti.

Tollstjóri skal þróa mælikvarða og aðferðir við framsetningu tölfraedigagna um innheimtu skatta og gjalda.

## 8. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. og 3. mgr. 111. gr. laga nr. 90/2003, um tekju-skatt. Ákvæði 1. gr. reglugerðarinnar öðlast gildi 1. janúar 2015. Önnur ákvæði öðlast þegar gildi.

*Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 2. desember 2014.*

F. h. r.

**Guðmundur Árnason.**

\_\_\_\_\_  
*Marianna Jónasdóttir.*